

Fundargerð 310. fundar sveitarstjórnar Flóahrepps

Fundarstaður: Þingborg og í beinu streymi
Fundardagur: Þriðjudagur 7. janúar 2025
Fundartími: 16:00-16:10
Fundarmenn: Árni Eiríksson, oddviti
Hulda Kristjánsdóttir, sveitarstjóri
Walter Fannar Kristjánsson
Harpa Magnúsdóttir
Hjalti Guðmundsson

Árni Eiríksson oddviti setti fund, bauð fundargesti velkomna og leitaði athugasemda við fundarboð. Engar athugasemdir gerðar. Samþykkt að bæta við trúnaðarmálum undir lið 5. Hulda Kristjánsdóttir ritaði fundargerð.

1. Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um tækifærisleyfi í Þingborg

Fyrir liggur beiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi um umsögn sveitarfélags vegna umsóknar frá Hafdísí Gíjju Björnsdóttur kt. 300697-2409 um tækifærisleyfi vegna þorrablóts í Þingborg 8. febrúar 2025 frá kl. 19:00 til kl. 04:00 aðfaranótt 9. febrúar 2025.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við umsökn vegna tækifærisleyfis í Félagsheimilinu Þingborg frá kl. 19:00 þann 08.02.2025 til kl. 04:00 þann 09.02.2025. Farið er fram á að gestafjöldi fari ekki yfir 340 manns eins og leyfilegur fjöldi í veitingum er tilgreindur í gildandi leyfi fyrir Þingborg.

Samþykkt með 5 atkvæðum

2. Umsagnarbeiðni vegna umsóknar um nýtt rekstrarleyfi fyrir gistingu í flokki II, G íbúðir í Kolsholti 1

Fyrir liggur að umsagnarbeiðni frá Sýslumanninum á Suðurlandi vegna umsóknar um rekstrarleyfi í flokki II (G), íbúðir, rýmisnúmer 01-0101, frá Sigmari Erni Aðalsteinsyni fyrir hönd Kolsholt ehf, kt. 510615-0420 á landeigninni Kolsholt land 1, (F220 1369).

Umsóknaraðili er með fasta búsetu á aðliggjandi landeign og er eigandi ofangeindrar eignar sem sótt er um rekstrarleyfi fyrir.

Sveitarstjórn Flóahrepps gerir ekki athugasemdir við að veitt verði leyfi í rekstrarflokki II (G) íbúðir á landeigninni Kolsholt land 1 F220 1369.

Samþykkt með 5 atkvæðum

3. Fundargerðir

- Sveitarstjórnar Flóahrepps nr. 309, dags. 17.12.2024
- Sameiginlegs fundar stjórnar Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

4. Efni til kynningar

- Staða verkefnisins Endurskoðun leiðarkerfis landsbyggðarvagna
- Frá Úrvinnslusjóði – Áætlun um mánaðarlegar greiðslur Úrvinnslusjóðs til Flóahrepps
- Næsti fundur sveitarstjórnar verður 21. janúar kl. 16:00 í Þingborg og í beinu streymi.

5. Trúnaðarmál

Fært í trúnaðarmálabók.

Árni Eiríksson (sign)
Walter Fannar Kristjánsson (sign)
Hjalti Guðmundsson (sign)

Hulda Kristjánsdóttir (sign)
Harpa Magnúsdóttir (sign)